



BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR HAUSTIÐ 2026

Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga á þriðjudögum og fimmtudögum á haustönn 2026. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Yngstu og elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurnir við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða tvær til þrjár myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og sýnum klippur fyrir myndir til að útskýra kvikmyndatöku, tæknibrellur, vísanir í kvikmyndasöguna, greiningu á sviðsmynd og leik.

Við erum með fjölbreytt úrval þetta haustið af nýjum myndum, ásamt gömlum og góðum sem hafa alltaf reynst vinsælar. Áherslan er að þessu sinni lögð á vísindaskáldsögu, virðingu fyrir umhverfinu, vináttu og samskipti við óvenjulegar og framandlegar verur, hvort sem þær eru í líki manna, geimvera eða töfravera.

Í þessum flokki eru myndir á borð við *Everything will Change*, sem gerist árið 2057 þar sem gervigreind og djúpfalsanir eru allsráðandi, en hugrökk ungmenni leita til fortíðar að upplýsingum um uppruna dýrategunda. Svipað er uppi á teningnum með nýju myndinni *Arco*, sem gerist líka í fjarlægri framtíð. Það er falleg og hugljúf saga um einstaka vináttu tveggja barna og spennandi tímaflakk. *E.T.* snýr aftur eftir talsvert hlé þar sem barn og geimvera tengjast órjúfandi böndum og vísað er í kærleika og upprisuna.

Meistaraverk Miyazaki, *My Neighbor Totoro*, er hugljúf, handmáluð teiknimynd sem er fyrir löngu orðin klassísk þar sem tvær systur flytja á nýjan stað og kynnast töfraverum skógarins.

Vinsæla unglingamyndin *10 Things I Hate About You* verður á boðstólum og hún er útgáfa af verki Shakespeare, *Skassið tamið*, en með feminískum og nútímalegum blæbrigðum. Eins gefst unglingum í 10. bekk einstakt tækfæri að sjá upprunalegu myndina *Halloween*, sem ruddi brautina fyrir nútíma hrollvekjurm sem eru allsráðandi í dag. Önnur mynd sem er bíóklassík er *Galdrakarlinn í Oz*, fyrsta litmyndin sem gekk upp, enda verður lögð áhersla á sögu litarins og uppruna tæknibrella.

Við bjóðum öllum leikskólabörnum, þriggja ára og eldri á sýningar þetta haustið með verðlaunamyndinni *Andri* og *Edda* verða bestu vinir og *Söng hafsins*, undurfagra, írska mynd um töfraverur í sjó og landi. Óskarsverðlaunamyndin *Kisi* snýr aftur vegna fjölda áskorana.

Að auki verður á boðstólum kennsla í kvikmyndalæsi þar sem farið verður yfir kvikmyndasöguna og helstu þættir kvikmynda kynntir.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com



GRUNNSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2026

HVAÐ ER KVIKMYND 6.-10.bekkur

ARCO 5.-8. bekkur

10 THINGS I HATE ABOUT YOU 8.-10.bekkur

SÖNGUR HAFSINS 1.-4.bekkur

ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR 1.-4.bekkur

EVERYTHING WILL CHANGE 6.-10.bekkur

E.T. 3.-8. bekkur

KISI 2.-6.bekkur

MY NEIGHBOR TOTORO 2.-6.bekkur

HALLOWEEN 10.bekkur

GALDRAKARLINN Í OZ 3-10.bekkur



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



HVAÐ ER KVIKMYND?



KVIKMYNDASAGA OG KVIKMYNDAFRÆÐI FYRIR MIÐSTIG OG EFSTA STIG

Saga kvikmyndanna í máli og myndum. Hver var fyrsta kvikmyndin? Grunnþættir kvikmyndalistarinnar útskýrðir, hvað er klipping, hvað er sviðsmynd, hvernig þróaðistkvikmyndataka?

Hvað sjáum við í fyrstu myndum kvikmyndasögunnar og hvaða áhrif hafa þær haft á myndir nútímans? Og síðast en ekki síst: Hvernig lesum við kvikmynd?

Farið verður yfir frægustu myndir kvikmyndasögunnar og þær settar í nútímalegt samhengi þar sem aðferðir við kvikmyndatöku, tæknibrellur og myndblöndun verður kynnt. Allt efni er sýnt á glærum og í klipptum myndböndum.

Sýnd verða brot úr mörgum af frægustu myndum kvikmyndasögunnar.

ARCO



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, ævintýri, vísindaskáldsaga, 2025

FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland, Bandaríkin

LENGD: 88 mínútur

LEIKSTJÓRI: Ugo Bienvenu

Aðalhlutverk: Margot Ringard Oldra, Oscar Tresanini, Nathanaël Perrot

TUNGUMÁL: Franska með íslenskum texta

Árið 2075 sér stúlka að nafni Íris dularfullan dreng, klæddan regnbogalituðum fötum sem dettur af himnum. Þegar þau kynnast kemur í ljós að drengurinn er tíu ára gamall og er úr fjarlægri framtíð þar sem tímaflakk er mögulegt. Þau verða vinir og Íris gerir allt sem hún getur til að hjálpa Arco að komast heim. En heimurinn er í hættu...

Myndin hlaut Evrópsku kvikmyndaverðlaunin sem besta teiknimyndin og var tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna og Óskarsverðlauna 2026 sem besta teiknimyndin.

„...regnbogalituð teiknimynd um tímaflakk með skýrum loftslagsboðskap, undir áhrifum frá E.T....“ The New York Times.

10 THINGS I HATE ABOUT YOU



TEGUND OG ÁR: Gamanmynd, rómantík, drama, unglingamynd, 1999

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 97 mínútur

LEIKSTJÓRI: Gil Junger

Aðalhlutverk: Joseph Gordon-Lewitt, Heath Ledger, Julia Stiles

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta.

Cameron er strákur í menntaskóla og hefur áhuga á hinni gullfallegu og vinsælu táningsstúlku, Bianca. En hún getur ekki farið á stefnumót fyrr en hin geðvonda og andfélagslega eldri systir hennar eignast kærasta. Cameron borgar þá dularfullum dreng að nafni Patrick fyrir að heilla Kat upp úr skónum.

Söguþráðurinn er tekinn upp úr leikriti Shakespears, Skassið Tamið. 10 Things I Hate About you er ein rómaðasta unglinga gamanmynd allra tíma, með þáverandi ungstirnum á borð við Heath Ledger, Julia Stiles og Joseph Gordon-Levitt í aðalhlutverkunum.

SÖNGUR HAFSINS



TEGUND OG ÁR: Ævintýri, teiknimynd, 2014

LENGD: 93 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Írland, Danmörk

LEIKSTJÓRI: Tomm Moore

ADALHLUTVERK: David Rawle, Brendan Gleeson, Fionnula Flanagan

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Þessi hrífandi ævintýramynd fjallar um írsku drenginn Ben og litlu systur hans, Saoirse, sem getur breytt sér í sel. Þau leggja af stað í ævintýralegan leiðangur um goðsagnarkennd undur hafsins til að frelsa álfana og bjarga heimi andanna.

Myndin er innblásin af Selkies-verunum í írskum munnmælasögum, sem eru selir í sjónum en verða að mönnum þegar þær koma á land. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna og var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda teiknimyndin árið 2015.

Söngur frá hafinu er með ensku tali og enskum texta, en börnin fá ítarlegar upplýsingar um söguþráðinn fyrir sýningu og myndin er svo sjónrænt grípandi að það ætti ekki að valda yngstu börnunum vandamálum.

ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR



TEGUND OG ÁR: Barnamynd, 2013

FRAMLEIÐSLULAND: Noregur

LENGD: 78 mínútur

LEIKSTJÓRI: Arne Lindtner Næss


LEIKARAR: Nora Amundsen, Hilde Louise Asbjørnsen, Janne Formoe

TUNGUMÁL: Talsett á íslensku

Þegar Andri byrjar á leikskóla kynnist hann Eddu en þau verða bestu vinir. Tuskudýrin þeirra, ljónsunginn og fröken Kanína, verða einnig vinir og þegar annað þeirra týnist á slökkvistöðinni lenda þau Andri og Edda í ýmsum ævintýrum. Myndin var tilnefnd sem besta barnamyndin á hinum norsku Amanda verðlaunum sem og að hún var tilefnd sem besta barnamyndin á kvikmyndahátíðinni í Tallinn.

Myndin er talsett á íslensku og hentar öllum aldurshópum.

EVERYTHING WILL CHANGE



TEGUND OG ÁR: Vísindaskáldsaga, drama, 2021

FRAMLEIÐSLULAND: Holland, Þýskaland

LENGD: 92 mínútur

LEIKSTJÓRI: Marten Persiel

LEIKARAR: Jessamine-Bliss Bell, Jacqueline Chan, Vibeke Hastrup

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Í fjarlægri veröld árið 2054 halda þrír ungir hugsjónamenn af stað í leiðangur í von um að finna svarið við því hvers vegna náttúrufegurð jarðarinnar er horfin.

Svarið felst í fortíðinni og þegar þau uppgötva lykilinn að þriðja áratugi tuttugustu og fyrstu aldarinnar – á meðan enn var von um farsæla framtíð, breytist allt.

Í þessari óvenjulegu vegamynd takast skáldskapurinn og vísindalegar staðreyndir á til að rannsaka mest knýjandi vanda okkar tíma: Útdauða dýrategundanna.

Við eigum val um framtíðina og það eru til raunhæfar lausnir.

E.T.



TEGUND OG ÁR: Vísindaskáldsaga, drama 1982

LENGD: 115 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin,

LEIKSTJÓRI: Steven Spielberg

AÐALHLUTVERK: Henry Thomas, Drew Barrymore, Peter Coyote

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Bíóklassík: Myndin fjallar um samskipti einmana pilts, Elliots, við vinalega geimveru, sem verður viðskila við félagi sína og ílengist á jörðinni. Elliot finnur hana og fer með hana heim til sín. Brátt kemur í ljós að E.T. er ekki aðeins greind geimvera, hún er líka góðhjörтуð og með henni og Elliot tekst sérstæð vinátta. En E.T. vill komast heim og Elliot reynir að hjálpa henni, en þau lenda í vandræðum þegar yfirvöld fréttu af því að geimvera heldur til hjá fjölskyldu Elliot.

E.T. hefur heillað ung og gömul hjörту, enda er dýpri boðskapur í henni en ætla má við fyrstu sýn. Myndin er ádeila á fordóma gagnvart framandlegu fólki og í henni má finna kristileg tákn eins og uppreisuna.

KISI



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, drama 2024

FRAMLEIÐSLULAND: Belgía, Frakkland, Lettland

LENGD: 84 mínútur

LEIKSTJÓRI: Gints Zilbalodis

TUNGUMÁL: EKKERT TAL

Kisi er einmana dýr og eftir mikið flóð finnur hann skjól á báti sem er byggður af allskonar dýrum og þar með upphfest ævintýraferð þar sem samvinna dýranna skiptir öllu máli.

Myndin hefur hlotið einróma lof gangrýnenda og hlaut dómnefndar- og áhorfendaverðlaunin á Annecy kvikmyndahátíðinni 2024.

Myndin vann sem besta teiknimyndin á Evrópsku kvikmyndaverðlaununum 2024 og hlaut Óskarsverðlaunin árið 2025 sem besta alþjóðlega myndin í fullri lengd.

MY NEIGHBOR TOTORO



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, fjölskyldumynd, fantasía, 1988

FRAMLEIÐSLULAND: Japan

LENGD: 86 mínútur

LEIKSTJÓRI: Hayo Miyazaki

Aðalhlutverk: Noriko Hidaka, Chika Sakamoto, Shigesato Itoi, Sumi Shimamoto

TUNGUMÁL: Japanska með enskum texta

Undurfögur teiknimynd úr smiðju japanska snillingsins Hayo Miyazaki sem gerði Spirited Away. Þessi mynd segir frá tveimur ungum stúlkum, Satsuke og yngri systur hennar Mei, sem flytja inn í hús uppi í sveit með föður sínum til að geta verið nær móður þeirra sem er á spítala.

Satsuke og Mei uppgötva að skógurinn allt í kring er fullur af ævintýraverum sem kallaðar eru Totoros. Þær vingast fljótt við Totoros og lenda í miklum ævintýrum.

Eins og í flestum myndum Miyazaki eru umhverfismál í brennidepli og sterkar kvenhetjur ráða för.

HALLOWEEN



TEGUND OG ÁR: Hrollvekja, 1978

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 91 mínúta

LEIKSTJÓRI: John Carpenter

ADALHLUTVERK: Jamie Lee Curtis, Donald Pleasance, Tony Moran

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Móðir allra „slasher“ tegundar hryllingsmynda er Halloween. Myndin hefst á hrekkjavöku árið 1963 þar sem lögreglan er kölluð til vegna morðs. Hinn ungi Michael Myers er vistaður á geðsjúkrahúsi, en sleppur eftir fimmtán ár og snýr aftur til heimabæjar síns.

Halloween markar tímamót í kvikmyndasögunni þar sem hún mótaði þau stílbrögð, byggingu og kvikmyndataekni sem er undirstaða slasher-myndanna sem komu í kjölfarið. Þetta var fyrsta hlutverk Jamie Lee Curtis sem Laurie Strode, en hún lék í átta Halloween myndum. Alls eru Halloween myndirnar þrettán.

Kvikmyndataeknin verður kynnt fyrir sýningu.

GALDRAKARLINN Í OZ



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, söngleikur, 1939*

LENGD: *101 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Victor Fleming*

AÐALHLUTVERK: *Judy Garland, Ray Bolger, Margaret Hamilton*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Galdrakarlinn í Oz er söngleikur sem er fyrir löngu orðinn klassískur og segir frá Dóróteu, stelpu í Kansas þar sem lífið er tilbreytingalaust og leiðinlegt og hana dreymir um landið handan regnbogans, svo hún fer í ævintýraferð til töfralandsins Oz.

Myndin var gerð árið 1939 og er ein af fyrstu kvikmyndum sögunnar sem var gerð í lit. Þeir hlutar sem eiga að gerast í Oz voru teknir í Technicolor og aðrir í svarthvítu og sepjulitum. Hún hefur haft gríðarleg áhrif á kvikmyndagerð.

Myndin var tilnefnd til sex Óskarsverðlauna, tapaði fyrir *Gone with the Wind*, en hlaut verðlaun fyrir Bestu frumsömdu tónlistina, *Over The Rainbow*.

SÝNINGAR:

FIMMTUDAGUR 24. SEPTEMBER KL. 10:00 – ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR

FIMMTUDAGUR 24. SEPTEMBER KL. 13:00 – E.T.

ÞRIÐJUDAGUR 29. SEPTEMBER KL. 10:00 – SÖNGUR HAFSINS

ÞRIÐJUDAGUR 29. SEPTEMBER KL. 10:00 – GALDRAKARLINN Í OZ



FIMMTUDAGUR 1. OKTÓBER KL. 10:00 – MY NEIGHBOR TOTORO

FIMMTUDAGUR 1. OKTÓBER KL. 13:00 – HVAÐ ER KVIKMYND/ARCO

ÞRIÐJUDAGUR 6. OKTÓBER KL. 10:00 – 10 THINGS I HATE ABOUT YOU

ÞRIÐJUDAGUR 6. OKTÓBER KL. 13:00 – EVERYTHING WILL CHANGE/KISI

FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER KL. 10:00 –SÖNGUR HAFSINS

FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER KL. 13:00 – E.T.

ÞRIÐJUDAGUR 20. OKTÓBER KL. 10:00 –ARCO/EVERYTHING WILL CHANGE

ÞRIÐJUDAGUR 20. OKTÓBER KL. 13:00 – 10 THINGS I HATE ABOUT YOU

VETRARFRÍ



SÝNINGAR:

FIMMTUDAGUR 29. OKTÓBER KL. 10:00 – HALLOWEEN

FIMMTUDAGUR 29. OKTÓBER KL. 13:00 – MY NEIGHBOR TOTORO

ÞRIÐJUDAGUR 3. NÓVEMBER KL. 10:00 – E.T.

ÞRIÐJUDAGUR 3. NÓVEMBER KL. 13:00 – 10 THINGS I HATE ABOUT YOU

FIMMTUDAGUR 12. NÓVEMBER KL. 10:00 – KISI/GALDRAKARLINN Í OZ

FIMMTUDAGUR 12. NÓVEMBER KL. 13:00 – HVAÐ ER KVIKMYND?

ÞRIÐJUDAGUR 17. NÓVEMBER KL. 10:00 – ARCO

ÞRIÐJUDAGUR 17 NÓVEMBER KL. 13:00 – HALLOWEEN

FIMMTUDAGUR 26. NÓVEMBER KL. 10:00 – EVERYTHING WILL CHANGE/10 THINGS I HATE ABOUT YOU

FIMMTUDAGUR 26. NÓVEMBER KL. 13:00 – HVAÐ ER KVIKMYND?



FIMMTUDAGUR 3. DESEMBER KL. 10:00 – SÖNGUR HAFSINS

FIMMTUDAGUR 3. DESEMBER KL. 13:00 – ARCO/E.T.

FIMMTUDAGUR 10. DESEMBER. KL. 10:00 – ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR

FIMMTUDAGUR 10. DESEMBER KL. 13:00 – 10 THINGS I HATE ABOUT YOU



Pöntun þarf að vera skýr og skilmerkileg þar sem heiti myndar, dagsetning, nafn skóla og fjöldi nemenda kemur skýrt fram.

Kennarar eru hvattir til þess að nota skólasýningar kvikmynda inn í kennslu sína og flétta boðskap, efnistöð og listræna nálgun inn í þær greinar sem við á hverju sinni s.s. í samfélagsfræði, myndlist, sögu og í smiðjum ýmis konar. Stuðningsefni er sent fyrir sýningar og í sumum tilfellum í kjölfar þeirra sem auðvelt er að nýta það inn í kennsluna.

Vinsamlegast sjáið til þess að umgengni nemenda í söllum sé í lagi og tryggt sé að nemendur skilji ekki eftir leifar eða umbúðir á gólfi eða í sætum.



Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



SÝNINGARPLAN VEGNA GRUNNSKÓLASÝNINGA HAUSTIÐ 2026

SEPTEMBER

fim	24.9.2026	10:00 Andri og Edda verða bestu vinir	1.-4.bekkur
fim	24.9.2026	13:00 E.T.	3.-8.bekkur
þri	29.9.2026	10:00 Söngur hafsins	1.-4.bekkur
þri	29.9.2026	13:00 Galdrakarlinn í Oz	3.-10.bekkur

OKTÓBER

fim	1.10.2026	10:00 My Neighbor Totoro	2.-6.bekkur
fim	1.10.2026	13:00 Hvað er kvikmynd/Arco	6.-10.bekkur/5.-8.bekkur
þri	6.10.2026	10:00 10 Things I Hate About You	8.-10.bekkur
þri	6.10.2026	13:00 Everything Will Change/Kisi	6.-10.bekkur/2.-6.bekkur
fim	15.10.2026	10:00 Söngur hafsins	1.-4.bekkur
fim	15.10.2026	13:00 E.T.	3.-8.bekkur
þri	20.10.2026	10:00 Arco/Everything Will Change	5.-8.bekkur/6.-10.bekkur
þri	20.10.2026	13:00 10 Things I Hate About You	8.-10.bekkur

VETRARFRÍ

fim	29.10.2026	10:00 Halloween	10.bekkur
fim	29.10.2026	13:00 My Neighbor Totoro	2.-6.bekkur

NÓVEMBER

þri	3.11.2026	10:00 E.T.	3.-8.bekkur
þri	3.11.2026	13:00 10 Things I Hate About You	8.-10.bekkur
fim	12.11.2026	10:00 Kisi/Galdrakarlinn í Oz	2.-6.bekkur/3.-10.bekkur
fim	12.11.2026	13:00 Hvað er kvikmynd?	6.-10.bekkur
þri	17.11.2026	10:00 Arco	5.-8. bekkur
þri	17.11.2026	13:00 Halloween	10.bekkur
fim	26.11.2026	10:00 Everything Will Change/10 Things I Hate...6.-10.bekkur/8.-10.bekkur	
fim	26.11.2026	13:00 Hvað er kvikmynd?	6.-10.bekkur


DESEMBER

fim	3.12.2026	10:00 Söngur hafsins	1.-4.bekkur
fim	3.12.2026	13:00 Arco/E.T.	5.-8.bekkur/3.-8.bekkur
fim	10.12.2026	10:00 Andri og Edda verða bestu vinir	1.-4.bekkur
fim	10.12.2026	13:00 10 Things I Hate About You	8.-10.bekkur

JÓLAFRÍ

	Hentar viðkomandi aldurshópi
	Getur hentað
	Tvær myndir sýndar á sama tíma

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10





KVIKMYNDIR Á HAUSTÖNN 2026

HVAÐ ER KVIKMYND? Saga kvikmyndanna í máli og myndum, kvikmyndalæsi, þróun kvikmyndataekni og tengingar við önnur listform. 6.-10. bekkur.

ARCO – Ævintýri, vísindaskáldsaga, fantasía, tímaflakk, vinátta tveggja barna, framtíðarsýn, vélmenni, ofurhetjur, 5.-8. bekkur.

TEN THINGS I HATE ABOUT YOU – Unglingar, rómantik, að finna sig í lífinu, ljóðlist, tónlist, Shakespeare, gamanmynd, samband systra, sterk kvenímynd, tíundi áratugurinn, 8.-10. bekkur.

SÖNGUR HAFSINS – Ævintýri, handmáluð teiknimynd, selir, ævintýraverur, sorg, töfrar, að finna sig og byrja nýtt líf, 1.-4. bekkur.

ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR – Að byrja í leikskóla, vinátta, samstaða, ævintýri, hjálpsemi, jákvæðni, markmiðasetning, 1.-4. bekkur.

EVERYTHING WILL CHANGE – Árið 2054, vegamynd, ferð þriggja einstaklinga inn í fortíðina, uppruni dýrategunda, umhverfismál, gervigreind, djúpfölsun, hugrekki, viska, 6.-10. bekkur.

E.T. – Geimverur, þroskasaga, fjölskyldumál, vísindi, vinátta barns og geimveru, kærleikur, upprisan, að komast heim, hugrekki, hugljúf, 3.-8. bekkur.

KISI – Ævintýri, teiknimynd, einmanaleiki, að komast af, samvinna ólíkra dýrategunda, hugrekki, vinátta, 2.-6. bekkur.

MY NEIGHBOR TOTORO – Japönsk handmáluð teiknimynd, ævintýri, fjölskyldumynd, ævintýraverur skógarins, umhverfisvernd, sterkar kvenpersónur, hugljúf, 2.-6. bekkur.

HALLOWEEN – Bíóklassík, spennutryllir, sálfræðileg hrollvekja, hrekkjavaka, eltihrrellir, geðræn vandamál, sterk kvenímynd, fyrsta myndin sinnar tegundar, nýjungar í kvikmyndatöku, 10. bekkur.

GALDRAKARLINN Í OZ – Bíóklassík, liturinn kemur inn í kvikmyndirnar, ævintýri, undraverur, galdranornir, galdrar, dans- og söngvamynd, þroskasaga, að komast heim, hugljúf, 3.-10. bekkur.

SKRÁNINGAR: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís

